TEXTÍLMENNT

# Textíl- og fatahönnun - Haustönn

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir | 10, 8, 9

## Skólaárið

Haustönn 2023.

## Helstu námsþættir vetrarins

Í valinu verður í boði að sauma verkefni á saumavélina og/eða þurrþæfa undir leiðsögn kennara. Lagt er upp með að nemandi vinni að minnsta kosti einn hlut eða eina flík og skili nokkrum hugmyndaskissum. Dæmi um verkefni er: saumuð hettupeysa, jogging buxur, taupoki, veski eða þurrþæfðar fígúrur. Nemendur nýta áunna þekkingu í textílmennt og læra einnig eitthvað nýtt. Notast verður við verklega-, sýni- og einstaklingskennslu.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í tveim hópum, á mánudögum og miðvikudögum fyrir áramót. Hver nemandi fær einn tíma í viku, 80 mínútur í senn.

## Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins.

## Námsmat

Lögð er áhersla á virkni og skapandi vinnubrögð í kennslustundum. Hugmyndavinna og lokaafurð er metin ásamt lykilhæfni nemandans. Í lok skólaárs fá nemendur lokið/ólokið ásamt umsögn.

## Námsgögn

Efni og verkfæri sem hæfa hverju viðfangsefni fyrir sig.

AS Textíl- og fatahönnun '23 - '24

- **Hæfnieinkunn**
- beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar
- skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt
- unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf
- beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu